

ÍSLENDINGAR

hálandisvegir, vegagerð og umferðaröryggi



Á Sprengisandi

Ljósmynd: Viktor Arnar Ingólfsson

Forsíða:

Á Hellisheiði eystri, séð niður í Héraðsflóa

Ljósmynd: RG



Unnið fyrir Vegagerðina, maí 2004

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Tæknigarði, Dunhaga 5
107 Reykjavík

Efnisyfirlit

Samantekt	1
1.0 Inngangur	3
1.1 Könnunin	3
1.2 Úrvinnsla	3
1.3 Markmið	4
1.4 Um þátttakendur	5
2.0 Ferðir Íslendinga um hálendið og ýmsa hálendisvegi	6
2.1 Ferðir og gistinætur Íslendinga á hálendinu 2003	6
2.2 Ferðir Íslendinga um ýmsa hálendisvegi 2003	7
2.3 Farið Kjöl, Sprengisand, Kaldadal eða Fjallabak nyrðra	9
3.0 Gæði helstu hálendisvega og hálendisvegur norðan Vatnajökuls	12
3.1 Álit á vegabótum á Kili, Sprengisandi, Kaldadal og Fjallabaki nyrðra	12
3.2 Álit á mögulegum hálendisvegi norðan Vatnajökuls	17
4.0 Áningarstaðir og upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar	19
4.1 Nýting á áningarstöðum Vegagerðarinnar 2003	19
4.2 Nýting á upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar 2003	21
5.0 Einkafjármögnun í vegagerð, veggjöld og næstu jarðgöng	24
5.1 Álit á einkafjármögnun í vegagerð	24
5.2 Álit á veggjaldi	25
5.3 Álit á veggjaldi í Hvalfjarðargöngum	26
5.4 Tillögur um næstu jarðgöng	27
6.0 Samgöngumál á hálendi og láglandi	29
6.1 Brýn verkefni í samgöngumálum á hálendinu	29
6.2 Brýn verkefni í samgöngumálum á láglandi	30
7.0 Umferðaröryggi og umferðarmenning	32
7.1 Mikilvægi þess að bæta þætti er ógna umferðaröryggi	32
7.2 Aðgerðir til að auka umferðaröryggi	33
7.3 Aðgerðir til að bæta umferðarmenninguna	35
8.0 Áhugi á samgönguminjum og gömlum samgönguleiðum	36
9.0 Lokaorð	38

Viðauki: símakönnun fyrir Vegagerðina 2004

Samantekt

Þær niðurstöður sem kynntar eru í þessari greinargerð byggja einkum á símakönnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) framkvæmdi fyrir vegargerðina í janúar og febrúar síðastliðinn.

Um 29% aðspurðra í könnuninni höfðu farið eitthvað um miðhálandi Íslands árið 2003, að jafnaði í þrjú skipti. Í könnuninni var tekið fram að Þórsmörk og Arnarvatnsheiði væru taldar til hálendisins. Þá höfðu 15% gist á miðhálandinu að jafnaði í 5,9 nætur en 14% fóru þangað einungis í dagsferðum.

Samkvæmt könnuninni má lauslega áætla að karlar hafi staðið fyrir 65-70% af gistinóttum Íslendinga á hálendinu árið 2003 en konur 30-35%.

Af þeim hálendisleiðum sem spurt var um höfðu flestir farið Kjalveg árið 2003, eða um 12%, tæplega 7% um Kaldadalsveg, Sprengisandsveg eða nýja Kárahnjúkavegin, nær 6% höfðu farið alla Fjallabaksleið nyrðri, 5% um Fjallabaksleið syðri og rúmlega 4% um Möðrudalsleið norðan Vatnajökuls.

Nær þrjú af hverjum fjórum svarendum í könnuninni höfðu einhvern tímann farið einn eða fleiri eftirtöldum fjallvegum: Kjalveg, Sprengisandsveg, Kaldadalsveg eða Fjallabaksleið nyrðri. Höfðu 60% farið yfir Kjöl, nær helmingur yfir Sprengisand og Kaldadal og rúmlega þriðjungur hafði einhvern tímann farið um Fjallabaksleið nyrðri. Er í öllum tilvikum um talsverða aukningu að ræða frá könnu RRF árið 2002.

Eins og í símakönnun RRF árið 2002 var spurt hvernig fólk vildi hafa gæði þessara fjögurra hálendisvega í framtíðinni. Gefnir voru þrjú valmöguleikar: hafa vegina óbreytta, lagfæra þá sem malarvegi og brúa stærstu vatnsföll eða byggja upp með slitlagi og fullbrúa. Af þeim sem afstöðu tóku vildu fleiri láta lagfæra Kjalveg og Sprengisandsveg heldur en Kaldadalsveg og fæstir vildu leggja í miklar endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri. Þeir sem farið hafa umræddar leiðir vildu síður endurbæta þær en þeir sem ekki höfðu átt þar leið um. Almennt virðist verulegur meirihluti landsmanna, sem afstöðu taka, telja að varlega eigi að fara við að gera hálendisvegina jafn góða og bestu vegi í byggð. Fremur eigi að endurbæta þá að vissu marki.

Um fjórðungur þeirra sem afstöðu tóku lögðust gegn nýjum hálendisvegi norðan Vatnajökuls, um þriðjungur vildu hafa þar malarveg með brúm á helstu vatnsföllum en ríflega 40% álitu æskilegt að hafa þar góðan, uppbyggðan og fullbrúaðan veg.

51% viðmælenda töldu sig hafa notað eitthvað áningarstaði Vegagerðarinnar við þjóðvegi landsins árið 2003 að jafnaði í 5,8 skipti. Flestir sem komu með tillögur að úrbótum nefndu að þeir vildu að áningarstöðum yrði fjölgað og margir nefndu einnig að áningarstaðirnir þyrftu að vera skjólsælli en þeir eru nú eða á skjólsælli stöðum.

Um 64% aðspurðra höfðu eitthvað nýtt sér upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar um færð og ástand vega á síðastliðnu ári. Þar af höfðu 43% nýtt sér textavarpið, rúmlega

Þriðjungur upplýsingar á heimasíðunni og um fimmti hver hafði hringt í þjónustusímamann til að fá upplýsingar. Þeir sem nýttu sér textavarpið áætluðu að hafa gert það í 13,2 skipti að jafnaði árið 2003, þeir sem nýttu heimasíðuna gerðu það í 10,9 skipti og þeir sem notuðu þjónustusímamann gerðu það að jafnaði í 5,6 skipti á liðnu ári.

Spurt var hvort fólk væri fylgjandi eða andvíggt einkafjármögnun í vegagerð. Af þeim sem afstöðu tóku voru 69% henni mjög eða fremur fylgjandi en 31% fremur eða mjög andvígir.

Einnig var spurt hvort fólk væri fylgjandi eða andvíggt veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki. Af þeim sem afstöðu tóku voru 64% mjög eða fremur fylgjandi slíku en 26% fremur eða mjög andvígir.

Spurt var um álit á upphæð veggjalds í Hvalfjarðargöngunum. Af þeim sem afstöðu tóku töldu 57% það mjög eða fremur hátt, 42% að það væri hæfilegt en 1% að það væri lágt.

Flestir nefndu að næstu jarðgöng, á eftir þeim sem þegar hafa verið ákveðin, ættu að koma á Austurlandi (22%), síðan á Norðurlandi (20%), þá á Vestfjörðum eða á Suðurlandi. (17%) Af einstökum göngum voru Vaðlaheiðargöng oftast nefnd (18%), næst göng til Vestmannaeyja (14%) og síðan göng undir Hellisheiði eystri (8%).

Spurt var hvað fólk teldi mikilvægast að gera varðandi samgöngur á hálendinu. Margir vildu láta lagfæra hálendisvegi að vissu marki og nokkuð margir vildu verulegar vegabætur. Um 12% nefndu að þeir vildu hafa vegina óbreytta en 7% tóku fram að þeir vildu fleiri slitlagða vegi á hálendinu.

Hvað varðar samgöngubætur á láglandi nefndu flestir nauðsyn þess að fækka einbreiðum brúm (30%), en síðan að slitleggja alla vegi (21%), hafa vegina betri/öruggari (18%), breikka vegi og tvöfalda vegi (13%).

Af þeim þáttum sem spurt var um og ógna umferðaröryggi á íslenskum vegum töldu þátttakendur mikilvægast að fækka einbreiðum brúm (mikilvægiseinkunn 9,4), því næst mjóum vegum (eink. 8,6), sauðfé á vegum (eink. 8,4) og að draga úr hraðakstri (eink. 8,3)

Til að efla umferðaröryggi á Íslandi töldu menn brýnast að breikka vegi (23%), fækka einbreiðum brúm (14%), bæta viðhald vega, lækka ökuhraða, efla löggæslu og að auka fræðslu og forvarnir (11-13%).

Til að bæta umferðarmeninguna á Íslandi töldu flestir að auka ætti fræðslu og forvarnir (37%) en síðan að sýna tillitssemi í umferðinni (21%), efla löggæslu, auka áróður (12%), efla ökukennslu og minnka ökuhraðann (8-9%).

Af þeim þáttum sem spurt var og varða samgönguminjar á Íslandi var áhugi fólks mestur á hlöðnum vörðum (78% með mikinn eða nokkurn áhuga) og fornum þjóðleiðum (76%) en síðan á fornum reiðleiðum (71%) og fornbílum (68%).

1.0 Inngangur

1.1 Könnunin

Þær niðurstöður sem kynntar eru í þessari greinargerð byggja einkum á símakönnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) framkvæmdi fyrir vegargerðina í janúar og febrúar síðastliðinn. Könnunin tók til 1200 Íslendinga á aldrinum 18-75 ára. Af þeim voru 54 búsettir erlendis, veikir eða látnir. Endanlegt úrtak var því 1146 einstaklingar. Af þeim tóku 803 þátt í könnuninni. Nettósvörun var því 70,1%.

Í könnuninni, sem fylgir með í viðauka, var m.a. spurt um ferðir Íslendinga hálendið og ýmsa hálendisvegi árið 2003. Lögð var áhersla á að inna sérstaklega eftir ferðum þeirra um þá fjóra fjallvegi sem áformað er að bæta verulega samkvæmt vegaáætlun; þ.e. Kjalveg, Sprengisandsleið, Kaldadalveg og Fjallabaksleið nyrðri. Spurt var hvað viðmælendur teldu mikilvægast að gera í samgöngumálum á hálendi og láglendi. Einnig hvað brýnast væri að gera til að auka umferðaröryggi og bæta umferðarmenningu á Íslandi. Spurt var um notkun fólks á áningarstöðum Vegagerðarinnar við þjóðvegina árið 2003 og notkun á upplýsingaþjónustu stofnunarinnar, þ.e. þjónustusíma, heimasíðu og textavarpi. Spurt var um álit fólks á því að leggja hálendisveg norðan Vatnajökuls, á einkafjármögnun í vegagerð, veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki, á upphæð veggjalds í Hvalfjarðargöngunum og á því hvar næstu jarðgöng ættu að vera. Að lokum var spurt um áhuga viðmælenda á ýmsum samgöngumínum, s.s. vörðum og fornum þjóðleiðum.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru þátttakendur í könnuninni fyrst skoðaðir sem heild en síðan m.t.t. kyns, aldurshópa og búsetu. Hvað gæði helstu fjallvega varðar eru niðurstöður könnunarinnar bornar saman við könnun RRF frá árinum 2002.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í símakönnuninni er þýðið t.d. allir Íslendingar 18-75 ára, um 195 þúsund manns, miðað við fólksfjöldaskrá Hagstofunnar 1. desember 2003. Í 1. töflu má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstöllum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

1. tafla

Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
500	1,9	2,6	3,1	3,5	3,9	4,1	4,3	4,4
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
700	1,7	2,3	2,7	3,1	3,4	3,5	3,8	4,0
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5

Ef 95% eða 5% svarenda í könnuninni voru á ákveðinni skoðun þá verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 1,6% miðað við 800 svarendur. Ef hins vegar 50% eru á ákveðinni skoðun verður frávikið +/- 3,7%.


1.3 Markmið

Markmiðið með símakönnuninni var að afla upplýsinga sem gagnast gætu Vegagerðinni o.fl. sem vinna að bættum samgöngum og umferðaröryggi á Íslandi. Jafnframt að afla upplýsinga um áhuga Íslendinga á samgönguminjum sem nýst geta við gerð áætlana um viðhald þeirra og kynningu.

1.4 Um þátttakendur

Nokkru fleiri karlar en konur tóku þátt í könnuninni. Fjölmennasti aldurshópurinn var fólk á aldrinum 46-55 ára en meðalaldur var um 44 ár. Um tveir af hverjum þremur svarendum voru búsettir á suðvesturhorninu, í Reykjavík eða á Reykjanesi en þriðjungur á landsbyggðinni.

1. mynd



Flestir tilheyrðu skrifstofu- eða þjónustustéttum en síðan komu iðnaðarmenn og kennarar/heilbrigðisstéttir.

2. mynd



2.0 Ferðir Íslendinga um hálendið og ýmsa hálendisvegi

2.1 Ferðir og gistinætur Íslendinga á hálendinu 2003

Um 29% aðspurðra höfðu farið eitthvað um miðhálendi Íslands árið 2003, að jafnaði í þrjú skipti. Í könnuninni var tekið fram að Þórsmörk og Arnarvatnsheiði væru taldar til hálendisins. Þá höfðu 15% gisti á miðhálendinu að jafnaði í 5,9 nætur en 14% fóru þangað einungis í dagsferðum. Samkvæmt þessu má lauslega áætla að 75 þúsund Íslendingar hafi komið á hálendið í 220-230 þúsund skipti árið 2003. Jafnframt má áætla að landsmenn hafi dvalið í alls 230-240 þúsund gistinætur á hálendinu árið 2003.¹

Karlar fóru umtalsvert meira um hálendið en konur og gistu þar lengur.

Um þriðjungur 36-55 ára fólks kom á hálendið árið 2003, en talsvert færri í öðrum aldurshópum, og sá aldurshópur gisti þar einnig flestar nætur að jafnaði. Fólk eldra en 55 ára kom minnst aldurshópna á hálendið og gisti síst.

Fremur lítill munur er á ferðum fólks á hálendið eftir því hvort það er búsett á suðvesturhorni landsins eða á landsbyggðinni.

2. tafla Íslendingar á hálendinu árið 2003 - eftir kyni, aldri og búsetu


%	KYN		ALDURSHÓPAR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	> 55 ára	SV	LB
Komu á hálendið	22	35	27	33	24	30	26
Fjöldi skipta	2,2	3,5	3,9	3,0	1,8	2,9	3,3
Dagsgestir	11	15	11	16	13	13	14
Næturgestir	11	20	16	17	11	17	12
Fjöldi náttu	4,8	6,4	5,6	6,5	4,8	6,1	5,4

Samkvæmt þessu má lauslega áætla að karlar hafi staðið fyrir 65-70% af gistinóttum Íslendinga á hálendinu en konur 30-35%. Og hlutfall kynjanna var svipað varðandi hlutfall heimsókna á hálendið. Þetta er mikill munur en skýrist m.a. af því að veiðiferðir, jeppaferðir, snjósleðaferðir, björgunarsveitaræfingar, skotveiði, smalamennskur og ýmis vísinda og rannóknarstörf á hálendinu eru mun algengari meðal karla en kvenna.

¹. Í þessum áætlunum eru niðurstöðurnar yfirferðar á 260 þúsund Íslendinga til að forðast ofmat, en samkvæmt þjóðskrá Hagstofu Íslands eru Íslendingar nú um 290 þúsund talsins. Fólk eldra en 75 ára fer líklega fremur lítið á hálendið og börn nokkru minna en fullorðnir.

Næsta mynd sýnir betur hlutfall þeirra sem komu á hálendið eftir því hvort þeir gistu eða voru í dagsferð, greint eftir kyni, aldurshópum og búsetu.

3. mynd Komur Íslendinga á hálendið árið 2003, hlutfall næturgesta og dagsgesta




2.2 Ferðir Íslendinga um ýmsa hálendisvegi 2003

Af þeim hálendisleiðum sem spurt var um höfðu flestir farið Kjalveg árið 2003, eða um 12%, tæplega 7% um Kaldadalsveg, Sprengisandsveg eða nýja Kárahnjúkavegin, nær 6% höfðu farið alla Fjallabaksleið nyrðri, 5% um Fjallabaksleið syðri og rúmlega 4% um Möðrudalsleið norðan Vatnajökuls. Fæstir, eða ríflega 1%, höfðu farið Dyngjufjallaleið sem liggur frá Sprengisandsvegi að Öskju eða þann hluta Sprengisandsleiðar sem liggur niður í Skagafjörð, af þeim leiðum sem spurt var um. ²

Næsta mynd sýnir þetta betur og einnig meðalfjölda ferða hálendisgеста um viðkomandi vegi árið 2003. Þeir sem fóru um Kaldadalsveg á síðastliðnu ári gerðu það að jafnaði í 1,8 skipti. Hins vegar fór enginn þátttakanda um Dyngjufjallaleið eða Gæsavatnaleið oftari en einu sinni.

² Hvað viðkemur Fjallabaksleið nyrðri þá fóru mun fleiri Íslendingar hluta leiðarinnar en hana alla. Þannig benda kannanir RRF til að 10% Íslendinga hafi komið í Landmannalaugar árið 2003, yfirleitt af Sprengisandsleið, en margir þeirra fara sömu leið til baka. Sumir þeirra sem fara alla Fjallabaksleið nyrðri koma síðan ekki við í Landmannalaugum. Samkvæmt því má lauslega áætla að 12-14% landsmanna hafi farið um hluta Fjallabaksleiðar nyrðri árið 2003 en um eða yfir helmingur þeirra hafi farið alla leiðina.

4. mynd **Hlutfall þeirra sem fóru um ýmsa hálendisvegi árið 2003 og meðalfjöldi ferða þeirra um vegina það ár**



Í næstu töflu er gerð tilraun til að setja fram áætlun um fjölda Íslendinga sem fóru um viðkomandi hálendisleiðir og fjölda ferða þeirra á þessum leiðum árið 2003. ³

3 tafla **Áætlaður fjöldi Íslendinga og ferða þeirra um ýmsar hálendisleiðir árið 2003**

	Fjöldi Íslendinga	Meðalfjöldi ferða	Heildarfjöldi ferða
Yfir Arnarvatnsheiði	3.600	x 1,1	3.900
Kaldadalsvegur	17.700	x 1,8	31.900
Kjalvegur	31.500	x 1,5	47.200
Sprengisandsveg	17.200	x 1,5	25.800
Spr. Skagafjörð	3.100	x 1,2	3.700
Spr. Eyjafjörð	7.800	x 1,2	9.400
Spr. Bárðardal	7.500	x 1,2	9.000
Dyngjufallaleið	3.100	x 1,0	3.100
Gæsavatnaleið	4.200	x 1,0	4.200
Öskjuvegur	5.200	x 1,5	7.800
Möðrudalsleið	10.900	x 1,3	14.200
Kárahnjúkavegur	17.200	x 1,5	25.800
Lakavegur	5.200	x 1,2	6.200
Fjallabaksleið nyrðri (öll)	14.300	x 1,7	24.300
Fjallabaksleið syðri	13.200	x 1,3	17.200

³. Til einföldunar eru hér settar fram ákveðnar tölur en með fyrirvara um mikil skekkjumörk, einkum á þeim leiðum sem fáir fóru um (a.m.k. +/- 30%). Nánari kannana er þörf til að áætla þennan fjölda af meiri nákvæmni.

Næsta tafla sýnir betur hlutfall þeirra sem fóru um einstakar leiðir eftir kyni, aldurshópum og búsetu. Greinilegt er, eins og áður kom fram, að fólk sem er komið yfir miðjan aldur fer minna á hálendið en þeir sem yngri eru.

Fólk á suðvesturhorninu fór almennt heldur meira um þessar leiðir en fólk á landsbyggðinni. Einkum á það við um Kaldadal, Fjallabak syðra en einnig Fjallabak nyrðra. Landsbyggðarfólk, einkum þó íbúar á Austurlandi (20%) og á Norðurlandi vestra (10%) höfðu farið mun meira um Kárahnjúkaveg en íbúar í Reykjavík eða á Reykjanesi.

4. tafla Hlutfall þeirra sem fóru um ýmsa hálendisvegi árið 2003 eftir kyni, aldri og búsetu

%	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Yfir Arnarvatnsheiði	0,5	2,3	2,2	1,1	0,9	1,9	1,1
Kaldadalsvegur	4,0	9,1	7,2	7,7	5,1	7,6	5,5
Kjalvegur	7,9	15,6	11,2	16,9	5,1	12,5	11,3
Sprengisandsvegur	4,6	8,3	5,4	7,7	6,0	6,2	7,3
<i>Sprengisandur í Skagafjörð</i>	1,1	1,6	1,3	1,7	0,5	1,5	1,2
<i>Sprengisandur í Eyjafjörð</i>	1,9	4,6	3,1	3,0	2,8	3,0	2,9
<i>Sprengisandur í Bárðardal</i>	2,1	4,1	2,2	3,0	3,2	2,7	3,3
Dyngjufjallaleið	0,3	2,1	2,2	1,4	0,0	0,9	1,8
Gæsavatnaleið	0,5	2,5	3,6	1,1	0,5	1,5	1,8
Öskjuvegur	1,6	2,3	2,2	2,2	1,4	2,1	1,8
Möðrudalsleið	3,8	4,6	6,7	4,7	0,9	4,5	3,6
Kárahnjúkavegur	3,8	8,9	8,1	6,1	6,0	5,9	8,0
Lakavegur	0,5	2,3	1,8	1,9	0,5	1,9	0,7
Fjallabaksleið nyrðri (öll)	2,7	7,8	6,7	6,4	2,8	6,4	3,6
Fjallabaksleið syðri	4,1	6,0	6,3	5,8	2,8	5,7	4,0

2.2 Farið Kjöl, Sprengisand, Kaldadal eða Fjallabak nyrðra


Í nýlegri samgönguáætlun er gert ráð fyrir að byggja upp/endurbæta og slitleggja fjóra fjallvegi á hálendinu, veginna um Kjalveg, Sprengisandsveg, Kaldadalsveg og veginn um Fjallabak nyrðra. Í símakönnun RRF vorið 2002 var m.a. spurt um þessa fjóra vegi ; hvort viðkomandi hefðu einhvern tímann farið þá og í hve mörg skipti. Þessi spurning var endurtekin í símakönnun RRF fyrir Vegagerðina.⁴

4. Í báðum könnunum var stuðst við 1200 manna úrtak úr þjóðskrá, 18-75 ára.

Allir

Nær þrír af hverjum fjórum svarendum í könnuninni nú höfðu farið einhvern þessara fjögurra fjallvega. Þannig höfðu 60% farið yfir Kjöl, nær helmingur yfir Sprengisand og Kaldadal og rúmlega þriðjungur hafði einhvern tímann farið um Fjallabaksleið nyrðri.

Er í öllum tilvikum um talsverða aukningu að ræða frá könnuninni árið 2002 svo sem sjá má á næstu mynd.

5. mynd

Ef þessar niðurstöður eru yfirfærðar á 260 þúsund Íslendinga, má lauslega áætla að um 190 þúsund þeirra hafi farið a.m.k. einn þessara hálendisvega miðað við 170 þúsund manns árið 2002. Þá hafi um 160 þúsund farið einhvern tímann um Kjálveg, 120 þúsund um Sprengisandsveg og Kaldadalsveg en um 90 þúsund Íslendingar einhvern tímann farið Fjallabaksleið nyrðri.

Eftir kyni, aldri og búsetu

Mun fleiri karlar en konur höfðu farið um einstaka hálendisvegi samkvæmt könnuninni 2004, en þó hafði svipað hlutfall kynjanna farin a.m.k. einn þeirra. Fólki á aldrinum 36-55 hafði farið heldur meira um þessar leiðir en aðrir aldurshópar og íbúar á suðvesturhorninu fremur en íbúar á landsbyggðinni, að Kjálvegi undanskildum.

5. tafla Einhvern tímann farið hálendisvegina - eftir kyni, aldri og búsetu könnun árið 2004

%	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Einhvern veganna	75	74	67	79	73	75	73
Kjálvegur	59	63	57	67	57	60	64
Sprengisandur	44	52	48	50	46	50	47
Kaldidalur	43	52	36	52	52	54	37
Fjallabak nyrðra	30	40	30	39	38	40	26

Athyglisvert er að skoða það út frá búsetur fólks í einstökum landshlutum hvort það hefur einhvern tímann farið um umrædda hálendisvegi.



Víð upphaf Fjallabaksleiðar syðri skammt frá Hólaskjóli

Ljósmynd: RG

Hvað það varðar er niðurstaða könnunarinnar 2004 m.a. sú að búar á Suðurlandi höfðu helst farið yfir Kjalveg en síðan íbúar á Norðurlandi vestra, enda tengir Kjalvegur þessa tvo landshluta. Sunnlendingar höfðu einnig farið mest yfir Sprengisand en síðan íbúar á Norðurlandi og í Reykjavík. Vestlendingar höfðu farið áberandi mest um Kaldadalsveg en síðan íbúar í Reykjavík. Sunnlendingar höfðu helst farið um Fjallabaksleið nyrðri, sem er á Suðurlandi, en næstir komu íbúar í Reykjavík. Íbúar á Vestfjörðum höfðu farið minnst allra um Kjalveg og Sprengisand en íbúar á Norðurlandi eystra höfðu farið minnst þessara hópa um Kaldadal og Fjallabak nyrðra.

6. tafla Einhvern tímann farið hálendisvegina - eftir búsetu í landshlutum könnun árið 2004

%	R-vík	R-nes	Vesturl	Vestf	NV-land	NA-land	A-land	S-land
Einhvern veganna	74	71	80	44	76	69	61	86
Kjalvegur	64	55	61	36	72	65	50	79
Sprengisandur	51	47	44	16	52	51	41	59
Kaldidalur	57	48	68	24	32	15	41	48
Fjallabak nyrðra	43	37	31	16	12	11	29	47

3.0 Gæði helstu hálandisvega og hálandisvegur norðan Vatnajökuls

3.1 Álit á vegabótum á Kili, Sprengisandi, Kaldadal og Fjallabaki nyrðra


Allir

Eins og í símakönnun RRF árið 2002 var nú spurt hvernig fólk vildi hafa áðurnefnda fjóra hálandisvegi í framtíðinni. Gefnir voru þrjú valmöguleikar: hafa vegina óbreytta, lagfæra þá sem malarvegi og brúa stærstu vatnsföll eða byggja upp með slitlagi og fullbrúa.⁵ Af þeim sem afstöðu tóku vildu fleiri láta lagfæra Kjalveg og Sprengisandsveg heldur en Kaldadalsveg og fæstir vildu leggja í miklar endurbætur á Fjallabaksleið nyrðri.

6. mynd

Álit á uppbyggingu fjögurra hálandisvega

allir svarendur sem afstöðu tóku



Svo sem sjá má er munurinn á afstöðu Íslendinga árið 2004 miðað við árið 2002 ekki verulegur. Þó fjölgar þeim nokkuð sem vilja láta lagfæra vegina sem malarvegi og brúa stærstu vatnsföll en fækkar sem halda vilja leiðunum Kaldadal og Fjallabaki nyrðra

⁵. 22-26% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar í könnuninni árið 2004. Mun fleiri voru óákveðnir árið 2002, um þriðjungur að jafnaði. Fleiri virðast því hafa myndað sér skoðanir á vegamálum hálandisins en áður.

óbreyttum. Ekki er því að merkja hreyfingu í þá átt að landsmenn vilji að þessir hálendisvegir verði byggðir upp með slitlagi og fullbrúaðir.


Þannig virðist verulegur meirihluti landsmanna sem afstöðu taka telja að varlega eigi að fara við að gera hálendisvegina jafn góða og bestu vegi í byggð. Fremur eigi að endurbæta þá þannig að fleirum verði gert kleift njóta þeirra án þess að skemma þá sérstöku upplifun sem hálendisferðir kalla fram í hugum margra landsmanna.

Peir sem hafa farið um hálendisvegina

Eins og áður er getið höfðu 61% fólks í könnuninni 2004 einhvern tímann farið Kjalveg, 48% um Sprengisand og Kaldadal en 35% um Fjallabak nyrðra. Þetta fólk vildi minni umbætur á vegunum en þeir sem ekki höfðu farið þá og síst á veginum um Fjallabak nyrðra.⁶

7. mynd

Álit á uppbyggingu fjögurra hálendisvega
þeir sem hafa farið viðkomandi leiðir og afstöðu taka



Almennt fjölgar þeim frá árinu 2002 sem vilja að vegirnir um Kjöl, Kaldadal og Fjallabak nyrðra verði endurbættir nokkuð. Enn eru þó 45% á þeirri skoðun að vegurinn um Fjallabak nyrðra eigi að vera óbreyttur en 27-35% vilja hafa aðra vegi óbreytta. Það vekur athygli að þeim fjölgar nokkuð sem telja að vegurinn um Sprengisand eigi að vera óbreyttur.

⁶. 7-8% þeirra sem höfðu farið viðkomandi leiðir tóku ekki afstöðu til spurningarinnar árið 2004, mun færri en árið 2002.


Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að Íslendingar vilji almennt fara varlega í uppbyggingu hálendisvega, þó það sé talsvert misjafnt eftir því hvaða leið er um að ræða.

Kjalvegur

33% karla vildu hafa Kjalveg óbreyttan en 19% kvenna, sem vildu fremur að hann yrði endurbættur sem malarvegur. Rúmlega 40% þeirra sem eru eldri en 55 ára vildu góðan veg um Sprengisand en 30-31% þeirra sem yngri eru.

8. mynd

Kjalvegur, eftir kyni, aldri og búsetu þeir sem afstöðu taka



Gullfoss, við upphaf Kjalvegjar

Ljósmynd: RG


Sprengisandsvegur

42% þeirra sem eru eldri en 55 ára vildu góðan uppbyggðan veg um Sprengisand en einungis um fjórðungur fólks 18-55 ára. 35% karla vildu óbreyttan Sprengisandsveg en 25% kvenna, sem fremur vildu lagfæra hann sem malarveg.

9. mynd

Sprengisandsvegur, eftir kyni, aldri og búsetu

þeir sem afstöðu tóku í könnuninni 2004




Kaldadalsvegur

Af þeim sem afstöðu tóku töldu 38% karla og 35% fólks undir 55 ára aldri, ungs fólks og íbúa á suðvesturhorninu að Kaldadalsvegur ætti að vera óbreyttur en 24-25% kvenna og eldra fólks. 41% fólks yfir 55 ára aldri vildu góðan veg um Kaldadal.

10. mynd

Kaldadalsvegur, eftir kyni, aldri og búsetu


þeir sem afstöðu tóku



Fjallabaksleið nyrðri

Einungis 20-22% fólks á aldrinum 18-55 ára vildu að vegurinn um Fjallabak nyrðra yrði byggður upp með slitlagi og fullbrúaður en 39% þeirra sem eldri eru. 43% karla vildu hafa veginn óbreyttan.

11. mynd

Fjallabaksleið nyrðri, eftir kyni, aldri og búsetu
þeir sem afstöðu taka

Eftir aldri kyni og búsetu

Þegar afstaða fólks í könnuninni árið 2004 til gæða hálendisveganna til samans er skoðuð er greind eftir kyni, aldurshópum er niðurstaðan sú að karlar vildu mun frekar en konur hafa hálendisvegina óbreytta, en þær voru fremur fylgjandi því að endurbæta leiðirnar sem malarvegi. Svipað hlutfall kynjanna vildi hins vegar hafa vegina uppbyggða og fullbrúaða. Að jafnaði vildu íbúar í Reykjavík og á Reykjanesi heldur minni endurbætur á vegunum en landsbyggðarbúar og fleiri þeirra vildu hafa vegina óbreytta. Þó var meirihlutinn í öllum tilvikum á því að vegina mætti endurbæta, en þá fremur með því að bæta þá sem malarvegi en að byggja þá verulega upp og slitleggja. Fólk á aldrinum 18-55 ára vildi minni breytingar á hálendisvegnum en eldra fólk.

Eftir landshlutum

Þegar afstaða fólks til endurbóta á nefndum hálendisvegum er skoðuð eftir landshlutum kemur ýmislegt áhugavert í ljóst. Þannig vildu Vestfirðingar helst hafa vegina óbreytta (36-47%) en Austlendingar síst (17-18%). Íbúar í nýja Norðvesturkjördæminu (á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra) töldu almennt minni þörf á að leggja góða vegi um þessar hálendisleiðir en íbúar annarra landshluta.

Góður vegur um Kjalveg naut mest fylgis meðal íbúa á Suðurlandi, Reykjanesi, Norðausturlandi og Austurlandi (35-39%) en síður meðal íbúa á NV-landi (19%) sem þó ættu að hafa einna mestra hagsmuna að gæta.

Íbúar á Austurlandi og Suðurlandi vildu helst hafa góðan veg um Sprengisand en síst íbúar í Norðvesturkjördæminu.

Athygli vekur að íbúar Vesturlands höfðu lítinn áhuga á fyrsta flokks vegi um Kaldadal (10%) en Sunnlendingar talsvert meiri (29%) en leiðin tengir þessa tvo landshluta saman. Margir Vestlendingar vildu þó láta lagfæra Kaldadal sem malarveg (55%).

Fjallabaksleið nyrðri er á Suðurlandi en þar vildu 22% Sunnlendinga hafa góðan veg, 45% vildu láta lagfæra hann en 33% að hann yrði óbreyttur.

7. tafla


Gæði hálendisveganna fjögurra
 skoðanir eftir landshlutum - þeir sem aftöðu tóku ⁷

%	R-vík	R-nes	Vesturl	Vestf	NV-land	NA-land	A-land	S-land
Kjalvegur								
óbreyttur	28	26	33	47	24	30	17	21
lagfæra	40	36	57	33	57	33	48	40
byggja upp	32	38	10	20	19	37	35	39
Sprengisandsvegur								
óbreyttur	32	30	34	46	24	34	17	22
lagfæra	42	34	52	39	62	34	44	40
byggja upp	26	36	14	15	14	32	39	38
Kaldadalsvegur								
óbreyttur	32	34	35	36	26	35	17	29
lagfæra	42	30	55	50	53	33	52	42
byggja upp	26	36	10	14	21	32	31	29
Fjallabakleið nyrðri								
óbreyttur	39	37	37	42	28	35	18	33
lagfæra	39	31	52	41	50	32	50	45
byggja upp	22	32	11	17	22	33	32	22

3.2 Álit á mögulegum hálendisvegi norðan Vatnajökuls

Þegar spurt var um álit fólks á því að leggja hálendisveg norðan Vatnajökuls tóku 26% ekki afstöðu til þess. Af þeim sem afstöðu tóku voru um þrír af hverjum fjórum fremur eða mjög fylgjandi slíkum vegi en fjórðungur andvígur.

12. mynd


Hálendisveg norðan Vatnajökuls
 þeir sem afstöðu taka


Þeir sem voru mjög eða fremur hlynntir hálendisvegi norðan Vatnajökuls voru síðan spurðir hvernig þeir vildu hafa veginn og voru gefnir tveir valkostir. Rúmlega helmingur þeirra sem voru jákvæðir (56%) vildu hafa veginn uppbyggðan, slitlagðan og albrúaðan en tæplega helmingur (44%) vildu malarveg með brúm á helstu vatnsföllum.

7. Hér getur skakkað verulegu, einkum í fámennustu landshlutunum, því tiltölulega fáir svarendur voru þaðan.

Niðurstaðan úr þessum tveimur spurningum er sú að um fjórðungur þeirra sem afstöðu tóku lögðust gegn því að leggja nýjan veg norðan Vatnajökuls, um þriðjungur vildu hafa þar malarveg með brúm á helstu vatnsföllum (endurbætur á þeim vegum sem fyrir eru?) en ríflega 40% álitu æskilegt að hafa þar góðan, uppbyggðan og fullbrúaðan veg.

13. mynd Hálendisveg norðan Vatnajökuls - og þá hvernig veg þeir sem afstöðu tóku



Karlar voru hlynntari góðum hálendisvegi norðan Vatnajökuls en konur, fólk eldra en 55 ára fremur en þeir yngri og landsbyggðarfólk fremur en fólk af suðvestur-horninu.

8. tafla Hálendisveg norðan Vatnajökuls - og þá hvernig veg eftir kyni, aldri og búsetu

%	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Ekki nýjan veg	25	23	24	27	19	24	23
Malarvegur, brýr á helstu vatnsföll	38	31	36	35	29	35	31
Uppbyggur vegur, slitlagður og albrúaður	38	46	40	38	52	41	46

Þegar afstaða fólks var skoðuð voru íbúar á Austurlandi hlynntastir góðum hálendisvegi norðan Vatnajökuls (64%) en síðan heimamenn á Norðurlandi eystra (55%) en síst íbúar á Vesturlandi (32%) og Vestfjörðum (34%). Þannig er afstaða fólks almennt jákvæðari eftir því sem það býr nær hálendinu norðan Vatnajökuls.⁸

9. tafla Hálendisveg norðan Vatnajökuls - og þá hvernig veg eftir landshlutum

%	R-vík	R-nes	Vesturl	Vestf	NV-land	NA-land	A-land	S-land
Ekki nýjan veg	24	25	29	31	25	24	14	20
Malarvegur, brýr á helstu vatnsföll	38	31	39	35	35	21	22	39
Uppbyggur vegur, slitlagður og albrúaður	38	44	32	34	40	55	64	41

⁸. Ekki var spurt nánar út í veg norðan Vatnajökuls, s.s.hve nærri Vatnajökli hann ætti að liggja þannig að varasamt er að draga of miklar ályktanir út frá þessum niðurstöðum.


4.0 Áningarstaðir og upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar

4.1 Nýting á áningarstöðum Vegagerðarinnar 2003

Allir

51% viðmælanda töldu sig hafa notað eitthvað áningarstaði Vegagerðarinnar við þjóðvegi landsins árið 2003.


14. mynd Nýttu áningarstaði við þjóðvegina árið 2003



Í könnun RRF meðal Íslendinga á ferð um landið árið 1996 var spurt hvort þeir hefðu stoppað á áningarstöðum Vegagerðarinnar við þjóðveginn í ferð sinni eða áætluðu að gera svo. Þá svöruðu 41% spurningunni jákvætt. Ekki er raunhæft að bera þær niðurstöður saman við símakönnunina nú þar sem könnunin árið 1996 mældi notkun áningarstaðanna í stakri sumarferð en símakönnunin mælir notkun landsmanna á ársgrundvelli (2003).

Þeir sem nýttu sér áningarstaðina árið 2003 gerðu það að jafnaðu í 5,8 skipti. Miðað við það má lauslega áætla að 130-140 þúsund Íslendinga hafi nýtt sér áningarstaði Vegagerðarinnar árið 2003 í alls 750-810 þúsund skipti.

15. mynd Hve oft nýtt áningarstaði við þjóðvegina árið 2003 þeir sem nýttu þá - flokkað




Eftir kyni, aldri og búsetu

Fólk á aldrinum 26-55 ára notaði helst áningarstaði við þjóðvegina á ferð sinni en elsta fólkið (yfir 65 ára) síst. Heldur hærra hlutfall karla en kvenna nýtti áningarstaðina og landsbyggðarfólk hlutfallslega nokkru meira en fólk af suðvesturhorninu.

16. mynd

Notað á áningarstaði við þjóðvegina árið 2003 eftir aldri, kyni og búsetu




Samkvæmt niðurstöðunum nýttu karlar áningarstaðina nokkru oftar en konur, fólk undir 55 ára aldri oftar en þeir sem eldri voru og fólk af suðvesturhorninu heldur oftar en landsbyggðarfólk.

Ábendingar um úrbætur

130 manns, 16% þátttakenda í könnuninni, komu með ábendingar um úrbætur á áningarstöðunum. Flestir nefndu að þeir vildu að áningarstöðum yrði fjölgað og margir nefndu einnig að áningarstaðirnir þyrftu að vera skjólsælli en þeir eru nú eða á skjólsælli stöðum. Þá var nokkuð um að fólk vildi hafa snyrtiaðstöðu við áningarstaðina, fleiri ruslatunnur og að áningarstaðirnir væru betur og fyrr merktir við veginna.

17. mynd

Ábendingar um úrbætur á áningarstöðunum 130 svarendur



3-4 nefndu eftirtalið sem þeir töldu að bæta þyrfti við áningarstaðina:

Planta fleiri trjám (auka skjól), upplýsingar um vegalengd að næsta áningarstað, vanda vel staðsetninguna.

1-2 nefndu síðan eftirtalið:

Stærri útskot þannig að rútur hafi nægt pláss, ekki of áberandi, merkja göngustíga út frá áningarstöðum, hafa þar neyðarsíma, dall fyrir reykingafólk, hafa nær sjoppum, hafa lengra frá veginum, sum fræðsluskilti orðin gömul, gefa upplýsingar um fjarlægð á næstu bensínstöð, setja upp skýli, bæta áningarstaðinn á Hveravallasvæðinu, fleiri áningarstaði eins og á Fjallabaksleið, hafa þar slökkvitæki.



Við áningarstað í Grímsnesi Ljósmynd: RG

4.2 Nýting á upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar 2003 - textavarp, heimasíða og þjónustusími


Allir

Spurt var hvort fólk hefði leitað sér upplýsinga hjá Vegagerðinni um færð og ástand vega árið 2003; í textavarpinu, á heimasíðu Vegagerðarinnar eða í þjónustusíma stofnunarinnar.

Um 64% aðspurðra höfðu nýtt sér þjónustuna. Þar af höfðu 43% nýtt sér textavarp, rúmlega þriðjungur upplýsingar á heimasíðunni og um fimmti hver hafði hringt í þjónustusímamann til að fá upplýsingar.


18. mynd

Nýttu upplýsingar Vegagerðarinnar um færð og ástand vega, árið 2003



Jafnframt var spurt hversu oft fólk nýtti sér þessa þjónustu á liðnu ári. Niðurstaðan var sú að þeir sem nýttu sér textavarpið áætluðu að hafa gert það í 13,2 skipti að jafnaði árið 2003, þeir sem nýttu heimasíðuna gerðu það í 10,9 skipti og þeir sem notuðu þjónustusímamann gerðu það að jafnaði í 5,6 skipti á liðnu ári.⁹ Á næstu mynd er notkun þeirra sem nýttu sér viðkomandi þjónustu flokkuð eftir tíðni notkunar.

19. mynd Hve oft nýtt sér upplýsingar Vegagerðarinnar um færð og ástand vega, árið 2003 þeir sem nýttu sér þjónustuna



Eftir kyni, aldri og búsetu

Ekki er mikill munur eftir kynjum hvað varðar notkun á upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Vísbendingar eru þó um að fleiri karlar en konur hafi nýtt heimasíðuna.

Fólk yfir 55 ára aldri nýttu sér þjónustu Vegagerðarinnar um færð og ástand vega mun síður en þeir sem yngri eru. Einkum er notkun þeirra á heimasíðunni áberandi lítil miðað við aðra hópa en munurinn er talsvert minni hvað varðar þjónustusímamann.

Um tvöfalt stærra hlutfall íbúa á landsbyggðinni en á suðvesturhorninu notuðu þjónustusíma Vegagerðarinnar árið 2003, samkvæmt könnuninni. Sömuleiðis notaði mun stærra hlutfall þeirra textavarpið en svipað hlutfall þessara hópa nýttu sér heimasíðuna.

10. tafla Nýttu upplýsingar Vegagerðarinnar um færð og ástand vega árið 2003 - eftir kyni, aldri og búsetu

%	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Textavarp	44	42	50	48	27	36	56
Heimasíða	30	39	45	41	15	35	35
Þjónustusími	20	22	26	22	15	17	30
Eitthvað af þessu	60	68	74	70	41	59	73

⁹. Þessum niðurstöðum ber að taka varlega þar sem um lauslega áætlun svarenda er að ræða.

Vestfirðingar notuðu þjónustusímann hlutfallslega mest af íbúum einstakra landshluta en síðan íbúar á Norðausturlandi og Austurlandi en íbúar á Reykjanesi síst. Vestfirðingar notuðu einnig heimasíðuna hlutfallslega mest, litlu meira en íbúar á Norðausturlandi og á Vesturlandi. Textavarpið var mest notað af íbúum á Norðurlandi eystra en síðan af Vestfirðingum og Austfirðingum.

Þegar á heildina er litið nýttu 83% íbúa á Norðurlandi eystra sér einhvern af þessum valkostum, 76% íbúa Vestfjarða og Vesturlands, 71% íbúa á Austurlandi en einungis 53% Reyknesinga. Þörfin á upplýsingum um færð og ástand vega virðist þannig m.a. tengjast ástandi samgangna og nálægð við viðsjárverða fjallvegi í viðkomandi landshlutum.

11. tafla Nýttu upplýsingar Vegagerðarinnar um færð og ástand vega árið 2003 - eftir landshlutum

	%	R-vík	R-nes	Vesturl	Vestf	NV-land	NA-land	A-land	S-land
Textavarp		35	36	58	52	52	63	56	51
Heimasíða		37	32	42	48	16	45	32	23
Þjónustusími		19	14	27	40	20	32	32	27
Eitthvað af þessu		64	53	76	76	68	83	71	63



Séð niður í Berufjörð á leið niður af fjallveginum um Öxi

Ljósmynd: RG


5.0 Einkafjármögnun í vegagerð, veggjöld og næstu jarðgöng

5.1 Álit á einkafjármögnun í vegagerð

Spurt var hvort fólk væri fylgjandi eða andvíggt einkafjármögnun í vegagerð. Af þeim sem afstöðu tóku voru 69% henni mjög eða fremur fylgjandi en 31% fremur eða mjög andvígur.¹⁰

20. mynd


Álit á einkafjármögnun í vegagerð
þeir sem afstöðu tóku



Karlar voru talsvert jákvæðari en konur til einkafjármögnunar í vegagerð og yngra fólk ívið jákvæðari en þeir sem eldri voru. Nær enginn munur var á afstöðu íbúa á suðvesturhorninu og landsbyggðinni.

21. mynd

Álit á einkafjármögnun í vegagerð
eftir kyni, aldri og búsetu




¹⁰. Um 14% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

5.2 Álit á veggjaldi


Einnig var spurt hvort fólk væri fylgjandi eða andvíggt veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki. ¹¹ Af þeim sem afstöðu tóku voru 64% mjög eða fremur fylgjandi slíku en 26% fremur eða mjög andvígir.

22. mynd Álit á veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki þeir sem afstöðu tóku



Karlar voru fremur fylgjandi veggjaldi en konur en nær enginn munur var á afstöðu fólks eftir aldurshópum eða búsetu.

23. mynd Álit á veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki eftir kyni, aldri og búsetu



Margir tóku það fram að jákvæð afstaða þeirra til veggjalds væri háð því að um hóflega gjaldtöku væri að ræða. Einnig að gjaldtöku ætti að hætta þegar búið væti að greiða upp lán vegna framkvæmdanna.


¹¹. Um 5% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

5.3 Álit á veggjaldi í Hvalfjarðargöngum

Spurt var um álit á upphæð veggjalds í Hvalfjarðargöngunum.¹² Af þeim sem afstöðu tóku töldu 57% það mjög eða fremur hátt, 42% að það væri hæfilegt en 1% að það væri lágt.

24. mynd


Upphæð gjalds í Hvalfjarðargöngunum þeir sem afstöðu tóku



Karlar töldu fremur en konur að veggjaldið í Hvalfjarðargöngunum væri hæfilegt, fólk á aldrinum 36-55 ára fremur en fólk í öðrum aldurshópum og landsbyggðarfólk fremur en íbúar á suðvesturhorninu.

24. mynd

Álit á upphæð veggjalds í Hvalfjarðargöngum eftir kyni, aldri og búsetu



Athygli vekur að 81% íbúa á Vesturlandi, sem nota göngin mikið, telja veggjaldið vera mjög eða fremur hátt og skera sig frá íbúum annarra landshluta í afstöðu sinni.

Hins vegar telja 66% íbúa á Austurlandi, sem göngin snerta lítið, að veggjaldið sé hæfilegt og 52% Vestfirðinga eru á sömu skoðun.


¹². 3% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

5.4 Tillögur um næstu jarðgöng

Spurt var hvar næstu jarðgöng á eftir Fáskrúðsfjarðargöngum, Siglufjarðargöngum og Almannaskarðsgöngum ættu að vera, en þessum þremur stöðum hefur þegar verið tekin ákvörðun um að gera göng og er nú unnið að tveimur þeirra .

Helmingur þátttakenda höfðu skoðun á þessu. Flestir töldu að næstu jarðgöng ættu að koma á Austurlandi og voru göng undir Hellisheiði eystri oftast nefnd. Lítið eitt færri nefndu Norðurland og þar voru Vaðlaheiðargöng efst á blaði hjá langflestum. Jafn margir nefndu síðan að næstu jarðgöng ættu að koma annað hvort á Vestfjörðum eða á Suðurlandi. Á Vestfjörðum, eins og á Austurlandi, var oft talað um svæðið í heild án frekari skilgreiningar. Þó nefndu nokkuð margir að næstu göng á Vestfjörðum ættu að vera á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Á Suðurlandi voru göng til Vestmannaeyja efst á blaði en allnokkrir nefndu göng undir Reynisfjall. Á Suðvesturhorninu var algengast að fólk vildi göng innan höfuðborgarsvæðisins eða undir Hellisheiði og á Vesturlandi undir Bröttubrekku.

25. mynd Næstu jarðgöng á eftir þeim sem hafa verið ákveðin 402 svarendur



5-7 nefndu að næstu göng ættu að koma innan Reykjavíkur, að setja Hringbrautina í göng, undir Oddskarð eða í gegnum Tröllaskaga.



Slóði úr Dýrafirði í Soalvoga, í nágrenni við möguleg göng til Arbarfjarðar. Ljósmynd: Viktor A. Ingólfsson

3-5 nefndu göng úr Vesturbænum yfir á Kjalarnes, undir Öxarfjarðarheiði, undir Kleifaheiði, úr Mjóafirði um Seyðisfjörð og í Norðfjörð.


1-2 nefndu síðan eftirtalin göng. Yfir í Borgarfjörð eystri, undir Lónsheiði, frá Kleppsholti yfir í Gufunes, gegnum Esjuna, gegnum Hafnarfjall, frá Súðavík til Ísafjarðar, milli Álftaness og Seltjarnarness, undir Holtavörðuheiði, undir Kollafjörð, milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, önnur göng við hlið Hvalfjarðarganga (tvær akreinar í hvora átt).

6.0 Samgöngumál á hálendi og láglandi

6.1 Brýn verkefni í samgöngumálum á hálendinu

Spurt var hvað fólk teldi mikilvægast að gera varðandi samgöngur á hálendinu. 489 svarendur höfðu tillögur í því sambandi (61%). Margir vildu láta lagfæra hálendisvegi að vissu marki og nokkuð margir vildu verulegar vegabætur. 12% nefndu að þeir vildu hafa vegina óbreytta en 7% tóku fram að þeir vildu fleiri slitlagða vegi á hálendinu.

26. mynd Brýn verkefni í samgöngumálum á hálendinu
489 svarendur



5-7 nefndu eftirtalið: ekki malbika hálendisvegi, góðar upplýsingar um færð á vegunum, takmarka umferð um hálendið, fleiri neyðarskýli og bæta fjarskiptasamband.

3-4 nefndu eftirtalið: selja eldsneyti, gera hálendisvegi hættulausa, lagfæra nokkra hálendisvegi en ekki alla, hafa eingöngu sumaropnun á hálendisvegum, ekki brúa ár, fleiri gönguleiðir, auka þjónustu við ferðamenn á hálendinu.

1-2 nefndu eftirtalið: laga línuveg sunnan Langjökuls, auka fræðslu um akstur á hálendinu, fjölga útsýnisstöðum, stytta leiðir, bæta snjómokstur, byggja stærri skála, fjölga leiðum, spilla landinu sem minnst, vetrarvegi, salernisaðstöðu, ekki hraðbrautir, tengja saman Austur- og Suðurland, passa kindur á Kjalvegi, uppbyggðan veg frá Þingvöllum og norður í land, laga ræsin, járnbraut yfir hálendið, auka vegaeftirlit á hálendinu, veg norðan Vatnajökuls, heilsársvegi, stemma stigu við jeppaæði, sjálfvirkar upplýsingar um færð og veður.¹³

¹³. Sumt af því sem hér er nefnt tengist ekki beint samgöngumálum en er þó látið fljóta með. Hið sama á við um nokkur atriði í upptalningum í kafla 6.2 hér á eftir.


6.2 Brýn verkefni í samgöngumálum á lágendi

Fleiri höfðu skoðun á samgöngumálum á lágendi en á hálendinu, enda fleiri sem þekkja þar til, og nefndu 683 svarendur mikilvæg verkefni þar (85%). Flestir nefndu nauðsyn þess að fækka einbreiðum brúm, en síðan að slitleggja alla vegi, hafa vegina betri/öruggari, breikka vegi og tvöfalda vegi (var þar nær alltaf átt við vegi á suðvesturhorninu).

27. mynd

Brýn verkefni í samgöngumálum á lágendi

683 svarendur



5-7 töldu mikilvægt að stytta veginn á milli Reykjavíkur og Akureyrar, tvöfalda hringveginn, gera jarðgöng til Vestmannaeyja, gera jarðgöng undir Vaðlaheiði, bæta Suðurlandsveg og bæta samgöngur almennt, burt með einbreitt malbik á vegum (skapar hættu).

3-4 töldu mikilvægt að bæta snjómokstur á vegum, að halda áfram á sömu braut, auka hálkuvörn, leggja Sundabraut, útrýma hættulegum gatnamótum, malbika frá Reykjavík til Ísafjarðar, fá nýjan Suðurstrandarveg, fleiri sjálflýsandi vegastikur.

1-2 töldu mikilvægt að setja upp fleiri sjálfvirk upplýsingaskilti, brúa Þorskafjörð, koma upp járnbrautakerfi, fjölga vegum, fækka umferðarljósum, efla umferðarmenningu, fjölga hjólreiða- og göngustígum, bæta vegi á Norðausturlandi, laga vegir í Kópavogi, miða framkvæmdir við umferðarþunga, Reykjavík ber ekki

umferðina í dag, hafa FÍB alls staðar, auka hámarkshraðann í 100 km, laga vegi austast og vestast á landinu, göng til Siglufjarðar, ekki fleiri hringtorg, búa til nýjan hringveg, auka löggæslu, fækka bílum, stytta vegi um firði með brúm og göngum, lest frá Keflavík til Reykjavíkur, jarðgöng undir Hellisheiði austari, göng undir Bröttubrekku, laga vegi í Fljótunum, betri vegi á Suðausturlandi, þrúbreiðan veg frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, bæta samgöngur í Grafarvogi, bæta veginn um Lágheiði til Ólafsfjarðar, laga holur í malbiki, sórhættulegur vegur á Lónsöræfum, lækka gjald í Hvalfjarðargöngunum, bæta samgöngur í Reykjavík, laga Lyngdalsheiði, ekki beygju og svo brú, draga úr hraða, malbika sveitarvegi, laga vegi á annesjum Austanlands, viðvörðunarljós á brýr, betra efni í malarvegi, samstillta götuljós í Reykjavík, fleiri hringtorg.



Undir Hafnarfjalli


Mynd: Viktor A. Ingólfsson

7.0 Umferðaröryggi og umferðarmenning

7.1 Mikilvægi þess að bæta þætti er ógna umferðaröryggi

Í könnuninni voru nefndir átta þættir sem draga úr umferðaröryggi á íslenskum vegum. Fólk var beðið um að gefa þeim, hverjum fyrir sig, einkunn á bilinu 1 til 10 eftir því hvað það taldi mikilvægt að gera úrbætur á þeim (10 var mikilvægast). Niðurstaðan var sú að af þeim þáttum sem spurt var um töldu þátttakendur mikilvægast fyrir umferðaröryggið að fækka einbreiðum brúm, því næst mjóum vegum, sauðfé á vegum og að draga úr hraðakstri.

28. mynd Mikilvægi þess að bæta þætti er ógna umferðaröryggi
mikilvægis-einkunn 1 til 10



Konur töldu í öllum tilvikum mikilvægara en karlar að bæta viðkomandi þætti.¹⁴ Sömuleiðis telur eldra fólk það almennt brýnna en yngra fólk. Lítil munur er hins vegar á afstöðu fólks eftir því hvort það býr á landsbyggðinni eða á suðvesturhorninum.

12. tafla Þættir sem draga úr umferðaröryggi - mikilvægi þess að bæta þá
mikilvægis-einkunn 1 til 10

Einkunn (1-10)	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Einbreiðar brýr	9,4	9,4	9,1	9,5	9,6	9,3	9,5
Mjóir vegir	9,1	8,2	8,6	8,5	8,8	8,6	8,6
Sauðfé á vegum	8,7	8,2	8,1	8,3	9,0	8,5	8,4
Hraðakstur	8,9	7,8	8,1	8,2	8,7	8,3	8,4
Hægur akstur	7,8	7,6	7,6	7,6	7,9	7,9	7,3
Mjóar vegalir	8,1	7,3	7,4	7,6	8,0	7,6	7,8
Malarvegir	7,7	6,8	6,7	7,1	7,8	7,1	7,3

¹⁴. Það má túlka þessar niðurstöður sem svo að konur taki ábyrgari afstöðu til umferðaröryggismála en karlar, eða meti a.m.k. hættuna á vegum landsins með nokkuð öðrum hætti.

Annað sem er mikilvægt að bæta

194 þátttakendur nefndu annað sem þeir töldu ógna umferðaröryggi á Íslandi og væri mikilvægt að bæta úr (meðaleinkunn 9,5). Áberandi flestir þeirra (40%) nefndu hross á vegum, en síðan ófullnægjandi varúðarmerkingar við vegi, kýr/hreindýr á vegum, að ekki sé ekið eftir aðstæðum og ógætilegan framúrakstur.


7.2 Aðgerðir til að auka umferðaröryggi

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hvað þeir teldu að þyrfti að gera til að bæta umferðaröryggi á vegum landsins og svöruðu 707 þeirri spurningu (88%). Flestir nefndu að mikilvægast væri að breikka vegi, því næst að fækka einbreiðum brúm, bæta viðhald vega, lækka ökuhraða, efla löggæslu og að auka fræðslu og forvarnir.

29. mynd

Aðgerðir til að auka umferðaröryggi

707 svarendur



5-8 töldu eftirtalið mikilvægt til að auka umferðaröryggið: bæta stefnuljósanotkun, mislæg gatnamót, áróður gegn ógætilegum framúrakstri, breiðari vegaxlir, hækka hámarkshraða um 10-20 km, vegrið á milli akreina, hraðamælingar, greiða samgöngur í Reykjavík, bæta upplýsingar/merkingar um vegaförumkvæmdir.

3-4 nefndu eftirtalið: Girða með vegum, beinir vegir, útiloka stóra flutningabíla frá þjóðvegum, fjölga öryggismyndavélum, bæta umferðarmenninguna, fækka bílum,

laga gatnamót víða, auka almennings-samgöngur, salta/sanda meira í hálfu, burt með sauðfé af vegum, hækka prófaldur (einkum stráka), 17 ára fái mest að keyra bíla með 1300 vél, hvetja til bílbeltanotkunar, fjölga stikum við vegi.

1-2 töldu eftirtalið mikilvægt til að bæta umferðaröryggið:

Merkja betur varasama fjallvegi, tvöfalda götur í Reykjavík, stöðva farsímanotkun í akstri, virða umferðarreglur, laga Hafnarfjarðarveg, fleiri umferðareyjar, betra dekkjaeftirlit, fleiri endurskinsmerki, taka gamalt fólk úr umferðinni, lest til Keflavíkur, frítt í strætó, ekki mismuna fólk með snjómokstur eftir búsetu, hringtorg í stað götuljósá, hraðahindranir, umhverfisspjöll í Mjódd – nýju mislægu gatnamótin þar eru stórhættuleg, of mikið af götuljósúsum, ekki aka undir áhrifum, halda malarvegum holulausum (hefla), kenna gömlu fólk að keyra, malbika Djúpið, fleiri götuljós, lýsa Hvalfjarðargöngin betur, fylgjast betur með notkun ökuljósá, taka af vondar beygjur, hömlur á stóra jeppa, hafa slitlag meira út á kantana, lestarsamgöngur, tvöfalda Hellisheiði.



Tvíbeid brú á Kúðafljóti

Mynd: Viktor A. Ingólfsson



Ógnun við umferðaröryggið. Þjóðvegarollur í Berufirði.


Ljósmynd: Viktor A. Ingólfsson

7.3 Aðgerðir til að bæta umferðarmenninguna

Pátttakendur voru einnig spurðir hvað þeir teldu mikilvægast gera til að bæta umferðarmenninguna á Íslandi og svöruðu um 635 þeirri spurningu (79%). Áberandi flestir þeirra (37%) nefndu að mikilvægast væri að auka fræðslu og forvarnir en síðan að sýna tillitssemi í umferðinni, efla löggæslu, auka áróður, efla ökukennslu og minnka ökuhraðann.

30. mynd

Aðgerðir til að bæta umferðarmenninguna 635 svarendur



5-8 töldu að eftirtalið væri mikilvægt til að bæta umferðarmenninguna á Íslandi:

Minnka ógætilegan framúrakstur, umferðarfræðsla í grunnskólum, góðar merkingar, virða hámarkshraða, bæta samgöngur, hækka hámarkshraðann, endurnýja bílpróf á 10 ára fresti, símenntun í ökukennslu (regluleg námskeið), læra af umferðarmenningu erlendis (t.d. í Þýskalandi).

3-4 nefndu eftirtalið:

Fækka bílum, ekki keyra nálægt næsta bíl, malbila meira, kenna gömlu fólki að keyra, forvarnir gegn áfengi, tvöfalda vegi, endurhæfa ökukennara, að fólk haldi sig hægra megin á tvöföldum vegum, „rennilásaumferð“, ekki tala í farsíma undir stýri, fleiri aðreinar.


1-2 nefndu að eftirtalið væri mikilvægt til að bæta umferðarmenninguna á Íslandi:

Tvöfalda akreinar, taka tillit til gangandi vegfarenda, auka almenningssamgöngur, leyfa hægri beygju á rauðu ljósi, *saga-system* í alla bíla, fjölga áningarstöðum við vegi, burt með hringtorg og umferðarteppur, auka vegþjónustu á þjóðvegi 1, minnka vegaframkvæmdir á sumrin, taka próf af ökuföntum, fleiri mislægar gatnamót, ökufræðsla fyrir útlendinga, æfingasvæði fyrir ökukennslu, fleiri öryggismyndavélar, hætta að svína, kenna fólki að keyra í lausamöl, efla umferðarútvarpið, fleiri hraðahindranir.

8.0 Áhugi á samgönguminjum og gömlum samgönguleiðum

Að lokum var spurt um áhuga fólks á samgönguminjum og gömlum samgönguleiðum. Af þeim þáttum sem spurt var um var mestur áhugi á hlöðnum vörðum og fornum þjóðleiðum en síðan á fornum reiðleiðum og fornbílum.

31. mynd Áhugi á samgönguminjum og gömlum samgönguleiðum



Varða á Hellisheiði syðri. Stór hluti landsmanna hefur áhuga á gömlum vörðum.

Ljósmynd: RG

Ekki var verulegur munur á áhuga kynjanna, nema að karlar voru umtalsvert áhugasamari um fornbíla og nokkru áhugasamari um kláfa heldur en konur.

Áhugi fólks á samgönguminjum var að jafnaði meiri meðal eldra fólks en þess yngra, nema á fornbílum þar sem áhuginn var meiri meðal yngra fólksins.

Jafnframt var lítil munur á afstöðu þeirra sem búa á suðvesturhorninu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar. Þó voru landsbyggðarbúar heldur áhugasamari um reiðleiðir en íbúar suðvesturhornsins en þeir hins vegar nokkru áhugasamari um gamla vegi en fólk á landsbyggðinni (sjá næstu töflu).



Einbreið Þjórsárbrú frá 1895 (önnur stórbrúin á Íslandi á eftir Ölfusárbrú 1891), endurbyggð 1949. Merkgilegur hlekkur í samgöngusögu Íslands. Hefur nú verið „vikið til hliðar“ fyrir nýrri tvöfaldri brú í samræmi við kröfur tímans. Fræðslu fyrir ferðamenn og jafnvel aðra aðstöðu vantar við brúna.

Ljósmynd: RG

13. tafla Mjög eða fremur mikill áhugi á samgönguminjum og gömlum samgönguleiðum, eftir kyni, aldurshópum og búsetu

%	KYN		ALDUR			BÚSETA	
	Kona	Karl	18-35	36-55	>55 ára	SV	LB
Vörður	77	78	68	79	84	77	79
Fornar þjóðleiðir	78	75	70	78	79	76	77
Fornar reiðleiðir	73	69	64	74	75	69	75
Fornbílar	62	73	71	68	64	68	69
Vöð á ám	59	57	50	62	61	60	56
Kláfár	55	62	52	63	59	59	58
Gamlar brýr	55	59	54	60	58	59	55
Ferjustaðir	58	54	46	62	57	57	54
Gamlir vegir	49	53	49	53	51	53	48

9.0 Lokaorð

Hér hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum símakönnunnar RRF fyrir Vegagerðina meðal Íslendinga árið 2004 þar sem m.a. var spurt um ferðir þeirra um ýmsar hálendisleiðir, álit á endurbótum á helstu fjallvegum, úrbótum í vegamálum, einkafjármögnun og veggjaldi í vegagerð, og hvað þeir telja mikilvægt að gera til að auka umferðaröryggi og bæta umferðarmenningu héraðs.

Ýmislegt áhugavert hefur komið í ljós. Fremur íhaldssöm afstaða Íslendinga til verulegra endurbóta á hálendisvegum kemur þó ekki á óvart og staðfestir fyrri könnun RRF í þeim efnum.

Öðru máli gegnir e.t.v. um jákvætt viðhorf þorra landsmanna til einkaframkvæmda í vegagerð og hóflegs veggjalds til að kosta dýr umferðarmannvirki. Telja má líklegt að vel heppnuð Hvalfjarðargöng hafi þar sitt að segja og hæpið að niðurstaðan hefði orðið þessi fyrir tíma þeirra.

Vaðlaheiðargöng og Vestmannaeyjagöng hafa verið talsvert í umræðunni að undarnförnu og það kemur því ekki á óvart að þau skuli oftast nefnd sem næstu kostir á eftir þeim jarðgöngum sem þegar hafa verði ákveðin. Að jarðgöng undir Hellisheiði eystri skuli vera í þriðja sæti kemur e.t.v. meira á óvart auk þess sem fáir svarendur eru á því svæði, gagnstætt við t.d. Vaðlaheiðargöngin. Í því ljósi geta Vopnfirðingar unað glaðir við niðurstöðuna.

Mikill áhugi Íslendinga á hlöðnum vörðum, fornum þjóðleiðum sem og á samgönguminjum yfirleitt er einnig eftirtektarverður. Okkur Íslendingum er mikilvægt að standa vel að varðveislu samgönguminja okkar, ekki eingöngu með því að stofna til samgönguminjasafna, heldur einnig með því að viðhalda og kynna samgönguminjar í sínu náttúrulega umhverfi. Þetta gildi t.d. um vörður, gamlar býr, vöð og kláfa en einnig minjar er tengjast samöngum á sjó (vitar, siglingamerki, fornar hafnir o.fl.). Brýnt er að samgönguyfirvöld geri áætlun um hvernig staðið skuli að málum hvað þetta varðar í samvinnu við áhugamannafélög og aðra. Jafnframt leynast hér mörg áhugaverð þróunarverkefni sem nýst geta í ferðaþjónustu. Væri t.a.m. ekki vel við hæfi að endurbyggja, a.m.k. að hluta, Kónsveginn frá 1907 og endurvígja hann með pompi og prakt á 100 ára afmælinu árið 2007?

Íslendingar eru mikilvægir ferðamenn í eigin landi og sá áhugi sem hér kemur fram eykur líkur á að ýmsar samgönguminjar geti orðið mun fjölsóttari en nú er ef rétt er að málum staðið og þar með skilað auknum útgjöldum ferðamanna á viðkomandi svæðum og jafnvel beinum tekjum á staðnum. Jafnframt er víst að erlendir ferðamenn hafa verulegan áhuga á héraðum samgönguminjum þó áhugi þeirra sé að hluta til á öðrum sviði en meðal Íslendinga. Áhugavert og gagnlegt væri að kanna hug erlendra ferðamanna hvað þetta varðar.

VIÐAUKI

SÍMAKÖNNUN 2004

Vegir, umferðaröryggi og samgönguminjar

- símakönnun fyrir Vegagerðina 2004

1. Kyn: karl ₁ kona ₂

2. Aldur: _____ ár

3. Búseta - póstnúmer: _____

4. Atvinna: _____

5 a. Fórst þú eitthvað á miðhálandið á síðast ári?

Nei ₁ Já ₂ --> Ef já . Hve oft? _____ skipti

b. Ef já. Gistir þú þar. Nei ₁ Já ₂ --> _____ nætur

6. Fórstu um eftirtalda hálandisvegi á síðasta ári og þá hve oft?

	<i>Nei</i>	<i>Já</i>	<i>Skipti</i>
Kaldadalsveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Yfir Arnarvatnsheiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Kjalveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Sprengisandsveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
- um Eyjafjörð	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
- um Skagafjörð	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
- um Bárðardal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Dyngjufjallaleið	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Gæsavatnaleið	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Öskjuveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Möðrudalsleið	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Kárahnjúkaveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Lakaveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Fjallabaksleið nyrðri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____
Fjallabaksleið syðri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	--> _____

7. Hefur þú einhvern tímann farið um eftirtalda hálandisvegi?

	<i>Nei</i>	<i>Já</i>
Kaldadalsveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂
Kjalveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂
Sprengisandsveg	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂
Fjallabaksleið nyrðri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂

8. Hvernig vilt þú hafa eftirtalda hálendisvegi í framtíðinni?

	Óbreyttur	Lagfæra sem malarveg og brúa stærstu vatnsföll	Byggja upp með slitlagi og fullbrúa	Veit ekki
Kaldadalsvegur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Kjalvegur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Sprengisandsvegur	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Fjallabaksleið nyrðri	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

9. Hvað telur þú mikilvægast að gera varðandi samgöngur á hálendinu?

10. Hvað telur þú mikilvægast að gera varðandi samgöngur á láglandi?

11 a. Nýttir þú þér eitthvað áningarstaði Vegagerðarinnar (bekkir, borð og fræðsluskilti) við þjóðvegina á síðasta ári?

Nei 1 Já 2 --> b. Hve oft? _____ skipti

c. Tillögur um úrbætur: _____

12. Nýttir þú upplýsingþjónustu Vegagerðarinnar á síðasta ári ?

(um færð og ástand vega)

	Nei	Já	Skipti
Þjónustusímann	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2 --> _____	
Internetið (heimsíðu V.)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2 --> _____	
Textavarpið	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2 --> _____	

13. Hvert er álit þitt á upphæð veggjalds í Hvalfjarðargöngunum?

Mjög hátt	Fremur hátt	Hæfilegt	Fremur lágt	Mjög lágt	Veit ekki
<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

14. Ertu andvíg(ur) eða fylgjandi

	Mjög andvíg(ur)	Fremur andvíg(ur)	Fremur fylgjandi	Mjög fylgjandi	Hlutlaus
...einkafjármögnun í vegagerð?	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
...veggjaldi til að kosta dýr umferðarmannvirki?	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

15. Hvar ættu næstu jarðgöng (á eftir Fáskúðsfjarðargöngum, Siglufjarðargöngum og Almannskarðsgöngum) að koma?

16. Hvað telur þú mikilvægast að gera til að auka umferðaröryggi á Íslandi?

17. Hvað telur þú mikilvægast að gera til að bæta umferðarmenningu á Íslandi?

18. Hér á eftir verða nefndir nokkrir þættir sem draga úr umferðaröryggi.

Þú ert beðinn um að gefa þeim einkunn á bilinu 1-10 eftir því hvað þú telur mikilvægt að bæta viðkomandi þætti (10 er mikilvægast).

	Mikilvægi úrbóta		Mikilvægi úrbóta	
Einbreiðar brýr	_____	Hraðakstur	_____	
Mjóir vegir	_____	Hægur akstur	_____	
Mjóar vegaxlir	_____	Sauðfé á vegum	_____	Mikilvægi
Malarvegir	_____	Annað: _____	_____	

19 a. Ertu andvíg(ur) eða fylgjandi nýjum hálendisvegi norðan Vatnajökuls?

Mjög andvíg(ur)	Fremur andvíg(ur)	Fremur fylgjandi	Mjög fylgjandi	Hlutlaus
<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

b. Ef fylgjandi. Hvernig á vegurinn að vera?

- Malarvegur, brýr á helstu vatnsföllum 1
Uppbyggður, slitlagður og fullbrúaður 2

20. Hefur þú áhuga á eftirtöldum samgönguminjum?

	Mjög mikinn	Fremur mikinn	Fremur lítill	Engan
Gömlum vegum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Gömlum brúm	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Kláfum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Vörðum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Ferjustöðum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Vöðum (á ám)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Fornum þjóðleiðum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Fornum reiðleiðum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Fornbílum	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!